

**Ed.**

**499. Frumvarp til laga**

**[232. mál]**

um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Rafni Kolssyni skipstjóraskirteini á íslenskum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

**1. gr.**

Siglingamálaráðherra skal heimilt að veita Rafni Kolssyni skipstjóra, Reykjavík, undanþágu frá því að ganga undir farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og láta honum í té skipstjóraskirteini á fiski- og verzlunarskipum, af hvaða stærð sem er, í innanlandssiglingum, enda fullnægi hann ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946 um siglingatíma. Skulu próf hans frá sjómannaskólanum í Fredrikstad jafngilda íslenskum prófum.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Frumvarpið er flutt eftir beiðni sjávarútvegsmálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundna afstöðu til þess.

Svo hljóðandi greinargerð og fylgiskjöl fylgdu frumvarpinu af hálfu ráðuneytisins:

Rafn Kolsson (áður Reidar Kolsöe) er fæddur í Noregi 28. september 1902. Hann öðlaðist íslenzkan ríkisborgararétt með lögum nr. 43/1955.

Hann lauk skipstjóraprófi við sjómannaskólann í Fredrikstad í Noregi 1937 og hefur öðlazzt norskt skirteini til skipstjórnar á skipum af ótakmarkaðri stærð og siglt árum saman. hæði sem stýrimaður og skipstjóri, á ýmsum skipum allt að 18 þús. rúmllestum að stærð, og hefur hann fært sönnur á, að hann fullnægi skilyrðum laga um siglingatíma til að öðlast skipstjóraréttindi þau, er hér um ræðir.

Skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík hefur kynnt sér skjöl þau, er fylgja frumvarpi þessu, og önnur skjöl málið varðandi, og telur hann, að skipstjórapróf frá sjómannaskólanum í Fredrikstad jafnist fyllilega á við farmannapróf frá stýrimannaskólanum í Reykjavík og sé eðlilegt að veita Rafni umrædd réttindi, enda leggi hann fram vottorð samkvæmt e-lið 14. gr. laga nr. 66/1946. Hefur því skilyrði þegar verið fullnægt.

## Fylgiskjal I.

Reykjavík, 20. febrúar 1963.

Ég undirritaður, Rafn Kolsson skipstjóri, Goðheimum 4 í Reykjavík, leyfi mér hér með að sækja til hins háa ráðuneytis um réttindi til skipstjórnar hér á landi, bæði í utan- og innanlandssiglingum, sbr. 14. gr. laga nr. 66/1946.

Ég lauk skipstjóraprófi við sjómannaskólann í Fredrikstad í Noregi árið 1937 og sigldi síðan sem stýrimaður og skipstjóri á ýmsum skipum allt að 18 þúsund lestum, og þar á meðal á oliuflutningaskipum Bandaríkjamanna.

Í ófriðnum glataðist hið fyrra skipstjóraskirteini mitt, er skipi mínu var sökkt, og fékk ég því nýtt skirteini árið 1949.

Í stríðslokin var ég skipstjóri fyrir ameríska sjóherinn, sem hafði bækistöð í Hvalfirði, og sigldi ég sem skipstjóri með 15 þúsund tonna oliuskip, sem var í förum á milli Rússlands og Íslands, auk þess sem ég annaðist oliuflutninga til herskipa á hafi úti, en umboðsmaður þessa skips á þeim tíma var Eimskipafélag Íslands h/f.

Ég öðlaðist íslenzkan ríkisborgararétt með lögum nr. 43 frá 1955, en þá láðist mér að sækja jafnframt um skipstjórarréttindi á Íslandi.

Umsókn þessari fylgir vottorð dómsmálaráðuneytisins um ríkisborgararétt minn svo og prófskirteini mitt og skipstjóraskirteini.

Virðingarfyllst,

Rafn Kolsson.

## Fylgiskjal II.

### STÝRIMANNASKÓLINN

Skólastjórinn.

Reykjavík, 28. febrúar 1963.

Með bréfi, dags. 27. þ. m., sendi ráðuneytið mér til umsagnar beiðni Rafns Kolssonar (áður Reidar Kolsöe) skipstjóra, Goðheimum 4 hér í bæ, dags. 20. þ. m., þar sem hann fer fram á réttindi til skipstjórnar í utan- og innanlandssiglingum, sbr. 14. gr. laga nr. 66/1946. Vil ég vegna þessa leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Samkvæmt skjölum, sem beiðninni fylgja, hefur umsækjandinn lokið skipstjóraprófi frá sjómannaskólanum í Fredrikstad árið 1937, en slíkt próf jafnast fyllilega á við farmannapróf frá stýrimannaskólanum í Reykjavík. Þá hefur hann einnig hlotið norskt skipstjóraskirteini, útg. 1949, sem heimilar honum rétt til skipstjórnar á norskum skipum af ótakmarkaðri stærð í utan- og innanlandssiglingum.

Með tilliti til þessa og þess, að hér er um íslenzkan ríkisborgara að ræða, teldi ég eðlilegt, að hann hlyti umbeðin réttindi. Ég teldi þó rétt eftir atvikum, að hann legði áður fram vottorð samkv. e-lið 14. gr. laga nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Fylgiskjölín endursendast hér með.

Jónas Sigurðsson.

Til samgöngumálaráðuneytisins.